

## Svar

### félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lagalega ráðgjöf.

1. *Hvaða viðmið eru viðhöfð þegar ráðuneytið leitar eftir ráðgjöf til stofnana eða starfsmanna, þ.m.t. félaga í eigu starfsmanna lagadeilda Háskólans á Akureyri (HA), Háskóla Íslands (HÍ), Háskólans í Reykjavík (HR) og Háskólans á Bifröst (Bifröst) sem gegna stöðu nýdoktora, háskólakennara, lektora, dósentna eða prófessora í fullu starfi og hlutastarfi, þ.m.t. starfsmenn í gesta- og rannsóknarstöðum?*

Leitað er eftir utanaðkomandi sérþekkingu þegar nauðsyn ber til. Ávallt ber að gæta jafnræðis, hlutlægni, hagkvæmni og samkeppnisjónarmiða þegar leitað er utanaðkomandi sérfræðiráðgjafar, í samræmi við meginreglur sem fram koma í lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, og lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016. Um samninga sem gerðir eru til lengri tíma en eins árs samkvæmt heimild í 40. gr. laga um opinber fjármál gildir að auki reglugerð um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni, nr. 643/2018.

Í greinargerð Ríkisendurskoðunar frá 22. júní 2009, í tengslum við kaup ráðuneyta á utanaðkomandi ráðgjöf og annarri sérfræðipjónustu, voru settar fram leiðbeiningar sem stuðst er við þegar þörf á utanaðkomandi ráðgjöf er metin. Líkt og fram kemur í svari forsætisráðherra við fyrirspurn um sérverkefni fyrir ráðuneyti á 138. löggjafarþingi (þskj. 419, 196. mál) kom forsætisráðuneytið leiðbeiningunum á framfæri við önnur ráðuneyti með tilmælum um að þeim skyldi fylgt í hvívetna.

Gátlisti sem fylgdi leiðbeiningunum byggist á eftirfarandi meginatriðum:

- Ganga úr skugga um hvort nauðsynlega þekkingu sé að finna hjá ríkinu.
- Útbúa stutta en greinargóða verk- og markmiðalýsingu.
- Leggja mat á hugsanlegt umfang verkefnisins og kostnað við það.
- Meta hvort kaupin eru útboðsskyld.
- Rökstyðja val á ráðgjafa.
- Gera skriflegan samning við ráðgjafann um þjónustuna og þóknun fyrir hana.
- Fylgjast reglulega með vinnu ráðgjafans og hvort verkið er innan umsaminna tíma-  
marka og fjárhagsáætlunar.
- Meta hvernig vinna ráðgjafans nýtist og hvort hún hafi skilað þeim árangri sem vænst var.

Leitast er við að gæta framangreindra atriða við mat á þörf ráðuneytisins fyrir lagalega ráðgjöf. Einnig getur verið um að ræða ráðgjöf vegna verkefna sem eru sérlega umfangsmikil, með hliðsjón af verkefnastöðu starfsmanna, eða sem kalla á aðkomu óháðra sérfræðinga.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2017 um kaup ráðuneyta á sérfræðipjónustu kom fram að helstu ástæður þess að ráðuneyti leita til utanaðkomandi aðila vegna sérfræðiráðgjafar séu af þrennum toga. Í fyrsta lagi tengdust þær skorti á mannskap til að sinna verkefnum, í öðru lagi skorti á dýpri sérfræðiþekkingu fyrir afmörkuð verkefni og í þriðja lagi sveiflum í verkefnaálagi.

2. Vegna hvers konar verkefna er leitað lagalegrar ráðgjafar hjá starfsmönnum og stofnunum lagadeilda háskólanna og hversu oft vegna hversrar tegundar verkefna?

Verkefni sem kalla á utanaðkomandi lögfræðiráðgjöf eru af ýmsum toga og ekki flokkuð eftir undirtegundum í skjala- og bókhaldskerfum ráðuneytisins. Í flestum tilvikum er um að ræða lagaleg úrlausnarefni á borð við undirbúning lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla, lögfræðilegar álitserðir og úttektir á lagalegu umhverfi.

3. Hversu mörg ráðgjafarverkefni, sem 1. tölul. lýtur að, hafa verið innt af hendi frá árinu 2018 og hversu mikið hefur verið greitt samtals fyrir ráðgjöfina á umræddu tímabili?

Samtals hafa verið greiddar 8.834.500 kr. fyrir ráðgjöf af því tagi sem vísað er til í 1. tölul. á umræddu tímabili vegna tveggja verkefna. Greiðslur til prófessora sem hættir eru störfum og til rannsóknarprófessora falla ekki undir fyrirspurnina þar sem starfssambandi við háskóla er ekki fyrir að fara.

4. Hversu mikið hefur verið greitt fyrir verkefni sem vikið er að í 1. tölul. frá ársbyrjun 2018 og hversu mörg hafa verið innt af hendi af annars vegar starfsmönnum og hins vegar stofnunum:

- a. lagadeildar HA,
- b. lagadeildar HÍ,
- c. lagadeildar HR,
- d. lagadeildar Bifrastar?

Um heildarkostnað og fjölda verkefna vísast til svars við 3. tölul. Verkefnin sundurliðast sem hér segir:

Hrefna Friðriksdóttir	Prófessor við HÍ	Vegna frumvarps og samþættingar í þágu farsældar barna (2019–2021)	5.412.500 kr.
Tómas Hrafn Sveinsson	Aðjúnt við HÍ	Heildarendurskoðun barnaverndarlaga (2020–2021)	3.422.000 kr.

5. Hvaða bókaútgáfu á sviði lögfræði hefur ráðuneytið styrkt frá árinu 2018 og hversu hár hefur styrkurinn verið fyrir hverja og eina útgáfu? Hvaða viðmið eru lögð til grundvallar við slíkar styrkveitingar?

Ráðuneytið hefur ekki styrkt bókaútgáfu á sviði lögfræði á tímabilinu.

Við mat á því hvort veittur er styrkur vegna útgáfu ritverka á þessu sviði er horft til faglegs gildis, ávinnings af viðkomandi verki almennt og með tilliti til málefnasviða ráðuneytisins, sem og fjárhagslegs svigrúms ráðuneytisins hverju sinni. Þá er horft til þess hvert sé eigið framlag umsækjanda og fjárhagsgrundvöllur verkefnis að öðru leyti. Enn fremur er gætt að ákvæðum 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sbr. einnig reglugerð um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018.